

Skýrsla æskulyðsnefndar hestamannafélags Harðar 2019



Æskuhlyðsnefnd Harðar 2019:

Helga Skowronski
Signý Rós Þorsteinsdóttir
Kolbrún Jóhannsdóttir
Alexandra Stegemann
Ólafur F. Haraldsson (Tengiliður stjórnar)

Viðburðir

Aðventukaffi

Í ár héldum við í fyrsta skipti aðventukaffi. Hugmyndin var að hittast og eiga saman notalegt stund og undirbúa veturinn. Það var nokkuð vel mætt í aðventukvöld þrátt fyrir árekstur við dagskrá meistaradeildar. Börnin skreytu piparköku og fengum við kennara vetrarins til að fara yfir námskeiðinn þeirra.

Svo var hugmyndarkassi á staðnum þar sem börnin gátu skilað inn hugmyndum um uppákomu fyrir veturinn. Til að koma til móts við þau sem komust ekki þetta kvöld var líka hægt að skila inn hugmyndum í rafrænt hugmyndabox.



Við fengum fullt af skemmtilegum hugmyndum sem við fórum svo að vinna úr og bar að hugmynd um gistipartý í félagsheimilinu sem var svo sett á dagskrá fyrir veturinn.


Þrif á reiðtygjum og Auður sýnir teygjuæfingar



Eins og of áður byrjuðum við nýja árið á þrifum á reiðtygjum. Helga Söðlasmiður skaffaði olíuna til að bera á reiðtyginn. Svo kom Auður Sigurðardóttir, sem er með "hestanuð og heilsa", til að sýna okkur nokkrir teygjuæfingar fyrir hestar. Öll börn fengu heim með sér spjald með nokkrum teygjuæfingum fyrir hestinn sem allir eiga geta gert fyrir og eftir reiðtúrinn.

Gisting í Harðarból

Laugardaginn 9. Mars var svo gistipartý í Harðarbóli. 20 börn skráðu sig í þennan viðburð og var mikill spenning hjá krökkunum. Við fengum Félagsheimilið til afnota og buðum upp á cozy kvöld með bíó og popp. Svo var kvöldvaka með vasaljósagöngu í myrkrinu. Allt gekk rosalega vel og voru öll börn til fyrirmyndar.



Páskafitness

Í apríl var haldið páskafitness þar sem mæting var afar góð eða upb 40 börn. Í páskafitnessi fórum við í ýmsa skemmtilega leiki í reiðhöllinni og allir fengu svo páskaegg að launum.



Óvissuferð

Þann 19 Maí var svo farinn í Óvissuferð með rútu. Lagt var af stað kl. 09 um morguninn frá Mosfellsbær.

Leiðinn lá suður og var fyrsta stopp Margrétahof. Þar fengum við að skoða hestuhúsið og klappa hestunum og kíktum á nokkra gæðinga hlaupa í reiðhöllinni.

Í hádeginu grilluðum við svo pylsur og héldum ferðinn svo áfram. Næsta stoð var HUBBU ís á Selfossi þar sem allir fengu smá eftirrétt. Svo enduðum við ferðinna á draugasetrinu á Stokkseyri. Börninn voru alsæll með daginn og skemmtu sér mjög vel.



Hestaferð og grill

30 Maí var farið í fjölskyldureiðtúr. Hópurinn reið úr hesthúsaðverfinu á Hraðastaðir í Mosfellsdal og fékk að skoða húsdýragarðurinn þar. Svo voru grillaðar pylsur handa öllum. Þau sem treystu sér ekki í hópreið gátu komið beint á Hraðastaðir.



Skrúðganga í Túninu heima

Nokkrir fulltrúa okkar leiddu skruðgönguna í tilefni bæjarhátíðarinnar í Túninu heima eins og undanfarinn ár.

Uppskeruhátíð í Harðarbóli

Hátíðin er árlegur viðburður þar sem öllum er boðið. Haddi kokkur sá um að elda fyrir hópinn og var boðinn upp á kjukling og ís í eftirrétt.

Veitt voru eftirfarandi verðlaun:

Besti keppnisárangur barnaflokkur

- Stulkur 2019: Ísabella Helga

- Drengir 2019: Oddur

Besti keppnisárangur unglingarflokkur

- Stulkur 2019: Viktoría Von

- Drengir 2019: Benedikt Ólafsson

Besti keppnisárangur ungmennaflokkur

- Stulkur 2019: Thelma Rut

Íslandsmeistari í fimi 2019

- Thelma Rut



Hvattningarverðlaun Harðar 2019

- Æskan og hesturinn

Svo voru afhend viðurkenningar til þeirra sem að hafa lokið knapamerki

Fjáröflun

Í byrjun árs kom upp hugmynd um óvissuferð og til þess að fjarmagna það tók æskulýðsnefndin við sjoppusölu á öllum vetrarmótum Harðar. Þetta var skemmtileg vinna og tóku börnin þátt í því líka.

Námskeið

Sonja Noack heldur utan um námskeiðinn fyrir æskulýðsnefndina og sér um að auglýsa og skipuleggja það

Knapamerki

Kennara: Oddrún Sigurðardóttir, Sonja Noack, Ragnheiður Þorvaldsdóttir

Í boði voru nokkur Knapamerkja námskeið. Hugsað var að knapamerki 1 væri bara boðið upp sem stöðupróf enn vegnar mikills áhuga var ákveðið að bjóða upp á námskeið í því líka og enduðum við með tveimum hópum.

Pollanámskeið – teymdir/ekki teymdir

Kennari: Ragnheiður Þorvaldsdóttir

Lögð verður áhersla á jafnvægi á hestbaki og grunnstjórnun hestsins í gegn um leik og þrautir. Ætlað fyrir 7 ára og yngri.

Almennt reiðnámskeið 8 – 10 ára / 11 - 14 ára

Kennari: Ragnheiður Þorvaldsdóttir

Almenn reiðnámskeið fyrir alla krakka.

Farið verður í:

- Ásetu og stjórnun.
- Reiðleiðir og umferðarreglur í reiðhöllinni.
- Umgengni við hestinn og almenn öryggisatriði.
- Nemendur læri að þekkja gangtegundirnar.

Áhersla lögð á ásetu og stjórnun hestsins og aukið sjálfstæði í umgengni við hestinn. Leikir og þrautir á hestbaki.

Hindrunastökknámskeið

Kennari: Ragnheiður Þorvaldsdóttir

Hindrunarstökk er skemmtileg leið til að auka fjölbreytni í þjálfun og bæta jafnvægi knapans. Þetta námskeið var nýjung og skemmtileg viðbót við “venjuleg” reiðnámskeið.

Keppisnámskeið

Kennari: Hinrik Sigurðsson

2 hlutir

Í fyrsta hluta keppnisnámskeiðsins verður áhersla lögð á vel skipulagða þjálfun og uppbyggingu keppnishests og knapa. Kennslan verður einstaklingsmiðuð og hver knapi setur sér markmið í sinni þjálfun og unnið verður markvisst að þeim markmiðum.

Í öðrum hluta námskeiðsins verður farið meira í undirbúning fyrir keppni, farið er að velja greinar sem henta hverju pari og hugað að verkefnum tengdu því. Þegar fer að vora og veður leyfir færast kennslan að hluta til út á keppnisvöllinn.

Mót og sýningar

Æskan og hesturinn

Þrátt fyrir litill mætting á fyrsta undirbúningsfund fyrir æskan og hesturinn ræddist svo vel úr þessu og enduðum við með 2 atriði. Þar sem æfingar byrjuðu frekar seint voru stífar æfingar fram að sýningu.



Yngri börninn æfðu þrautabrautar atriði þar sem þau sýndu hvernig hægt er að þjálfa færni á hestbak í skemmtilegum leikum. Þau riði slöngulínu, færðu hringi á milli staura og þurftu að beina hestunum í gegnum vöfundarhús. Þau sem treysti sér til máttu svo sýna hvar þau gátu farið hratt á hestbaki.

Eldri hópurinn æfðu slaufureið. Atriðið sem gekk útá að riðið er ákveðið mynstur í höllinni. Það reynir á hestana og ekki síður á stjórn knapanna á þeim og samvinnu þeirra á milli.

Auðvitað rúlluðu þau þetta á tölti, góðgangi íslenska hestsins.



Harðar Sýning 1 Mai

Þann 1 Mai sem er dagur hestsins var Hestamannafélag Harðar líka með sýningu í reiðhöllinni.

Atriðinn sem voru búinn til fyrir æskunar og hesturinn voru líka sýnd hér og voru fleiri ungir knapar að sýna listir sína.

Benedikt Ólafsson kynnti gæðingarfimi á hestinum sínum Biskup frá Ólafshaga og Viktoria Von heillaði áhorfendur þegar hún reið

hestinum sínum beislislaus og sýndi alveg stórkoslegt samspil og traust á milli manns og hest.

Lokaorð

Þetta ár er búið að vera viðburðarríkt og skemmtilegt fyrir krakkana í Herði. Viðburðir hafa verið vel sóttir og hafa foreldrar verið duglegir að kíkja með börnunum sínum.

Að halda úti virku og góðu æskulýðsstarfi krefst mikillar vinnu af hálfu þeirra sem bjóða sig fram í þetta mjög svo gefandi en jafnframt kröfuharða starf. Því er mjög mikilvægt að skipuleggja það vel og foreldrar að vera virkir í að taka þátt. Margar hendur vinna létt verk og viljum við því hvetja foreldra til að bjóða sig fram til að halda úti öflugum starfi í æskulýðsnefnd.